

úarmánuði ár hvert og skuli þær ennfremur fara eftir manntali.

Nú er það játað, að gerðarþoli hafi ekki verið tekinn á skattskrá hér í Reykjavík á árinu 1928 og því ekki greitt neinn skatt hér, hinsvegar er það upplýst, að hann hefir verið settur á skattskrá í Stykkishólmi, sent þangað tekju- og eignaskattskýrslu sína og greitt þar álagðan skatt án mótmæla.

Af þessu verður að lita svo á, að gerðarþoli hafi ekki talið heimilisfestu sinni slitið í Stykkishólmi og verður því að telja, að hann hafi réttilega verið tekinn á manntal þar haustið 1927, þótt hann hafi þá verið sjálfur farinn til Reykjavíkur, samkvæmt fyrirlagi atvinnumálaráðuneytisins til varanlegrar dvalar. Útsvarsalagningin í Reykjavík sannar heldur ekkert um það, að gerðarþoli hafi ekki verið útsvarsskyldur í Stykkishólmi.

Fógetarétturinn verður því að lita svo á, að samkvæmt 8. gr. útsvarslaga nr. 46, frá 15. júní 1926 sé réttilega lagt á gerðarþola útsvar, það sem hér um ræðir, og ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 22. apríl 1931.

Nr. 16/1931. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Claus Raap (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. jan. 1931: Kærður Claus Raap, greiði 13,000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum P. G. 165, „Landrath Rademacher“ frá Geestemünde, sé upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á mælingar og miðunarlinur varðskipsins kl. 16,50 og 17,52 hinn 7. jan. þ. á., og kemur hann heim við sjóuppdrátt þann, sem skipherrann á varðskipinu „Ægir“ hefir lagt fram við rannsókn málsins í héraði. Sýna þessar mælingar, svo sem nánar er skýrt frá í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, að kærði hefir nefndan dag verið staðinn að botnvörpuveiðum 0,45 sm. innan landhelgislinunnar. Kærði hefir þannig gerzt brotlegur gegn ákvæðum laga nr. 5, 18. maí 1920, og með tilliti til þess, að kærði sýndi varðskipsforingjanum mótþróa og óhlýðni, svo að setja varð menn yfir í togarann, til þess að stjórna skipinu og sigla því til Reykjavíkur, ákveðst refsing hans 14000 kr. sekt til Landhelgissjóðs og kemur 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákvæði dómsins um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað ber að staðfesta.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst 14000 kr. og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í

stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði Claus Raap, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Claus Raap, skipstjóra á togaranum P. G. 165, „Landrath Rademacher“ frá Geestemünde, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, frá 1920, sbr. lög nr. 4, frá 1924.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 7. þ. m. kom varðskipið „Ægir“ utan frá Eldey, og hafði stefnu á Hafnarberg, kl. 16.50 var numið staðar og þegar gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Stafnesviti í réttvisandi 17° og Reykjanesaðalviti í réttv. 98°, sýndi það stað varðskipsins rétt utan landhelgislinunnar, samtímis miðaðist togari í réttv. 358°. Um kl. 17.07 hurfu snögglega öll ljós á togaranum, en af því að togarinn var kominn alveg inn að landhelgi þótti þetta mjög grunsamlegt. Kl. 17.10 var því haldið af stað í átíuna til togarans, kl. 17.22 sást græna hliðarljós togarans mjög nærri varðskipinu, síðan fjölgaði ljósum hans, enda hélt Ægir þá beint á hann og var með öllum siglingarljósum. Þá lýst var á togarann sást, að hann var með Bb-vörpu úti. Kl. 17.28 var gefið stöðvunarkerki með sirenunni og samtímis skotið lausu skoti, togarinn stefndi þá beint á land. en við skotið byrjaði hann að snúa til stjórnborða, þó að bakborðsvarpa væri úti. Kl. 17.29 var skotið öðru lausu skoti, um leið og komið var á hlið við togarann. Það var því einnig kallað yfir til hans að stöðva vélina. Togarinn sneri þá með hægri ferð að vörpunni og byrjaði að draga hana inn. Meðan togarinn var að draga inn dragstrengina, var

bauja látin út, kl. 17.40, rétt utan við togarann. Kl. 17.52 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við þá bauju:

Stafnesviti

> 111° 20'

Reykjanes Blk. F.

Samtímis miðaðist Reykjanes Blk. F. í réttv. 131°. Einnig var mælt hornið milli Reykjanesvitanna 7° 10'. Dýpi var mælt við baujuna 106 metrar, sýnir þetta stað baujunnar 0,45 sjóm. innan landhelgislinunnar.

Bátur var sendur um borð í togarann til þess að sækja skipstjórnann og pappira skipsins. Um leið og báturinn kom að síðu togarans lét togarinn út ljóslausa bauju, en um leið og Ægir rak fram hjá henni nokkrum mínútum síðar var mælt 103 metra dýpi við hana. Staðarákvörðun var ekki gerð, sökum þess, að baujan var spölkorn innar en ljósbauja varðskipsins.

Þegar kom um borð í togarann voru kærður og 1. stýrimaður talsvert mikið undir áhrifum vins, eftir því, er þeir, er fóru um borð í togarann hafa skýrt frá. Kærður neitaði einnig harðlega að koma til viðtals yfir í varðskipið eins og fyrir hann var lagt.

Kl. 19,10 var aftur gerð staðarákvörðun við ljósabauju Ægis og var miðunin hin sama og áður af Reykjanes Blk. F. réttv. 131°, en hornið milli hans og Stafnesvitans 2' minna eða 111° 18'. Dýpi hið sama.

Með því að kærður neitaði að koma til viðtals, fór skipherrann sjálfur um borð í togarann kl. 20,25. Hann kveðst strax hafa orðið þess var, að kærður og stýrimaður voru undir áhrifum vins. Eins og áður neitaði kærður harðlega að koma yfir í varðskipið til þess að honum yrði sýnd afstaða togarans, þar sem komið var að honum með vörpuna úti. Einnig neitaði stýrimaður að koma yfir í skipið. Að þessu loknu tilkynnti skipherrann kærðum, að sendir yrðu um borð í togarann yfirstýrimaður og undirvélstjóri Ægis ásamt fleiri mönnum til að fara með skipið til Reykjavíkur, síðan voru þrír hásetar af togaranum teknir með yfir í Ægir, en á vörð í togaranum voru settir yfirstýrimaður, undirvélstjóri Ægis og 5 hásetar aðrir, og gaf skipherrann þeim fyrirskipanir um að halda þegar til Reykjavíkur. Kl. 21,32 hélt togarinn af stað og var kom-

inn nokkuð á undan Ægir til Reykjavíkur, sem kom þangað kl. 3,33.

Vindur var vestan 4, sjór 3, smáel með löngu millibili.

Kærður í þessu máli hefir neitað því mjög ákveðið, að skýrsla skipherrans sé rétt. Hann hefir neitað því afdráttarlaus, að hafa verið að veiðum innan landhelgislínunnar í umrætt skipti, kveðst hafa verið langt fyrir utan línu þegar hann dró inn vörpuna. Hann kveðst að visu hafa verið að veiðum á þessum slóðum og hafa kastað vörpunni kl. 5,45 e. h. samkv. þýzkum tíma, en áður en hann kastaði kveðst hann hafa gert staðarákvörðun og miðað Eldey í S. V. t. S. og áreiðanlega verið um 5 sjómílur undan landi þegar hann kastaði, því línan S. V. t. S. á Eldey liggur nokkurnvegin jafnhliða strandlengjunni. Meðan hann kastaði kveðst hann hafa stýrt í sveig, en þegar hann hafi kastað kveðst hann sjálfur hafa farið af stjórnþalli, og 1. stýrimaður hafi tekið við stjórn, kveðst hann þá hafa gefið stýrimanninum þá fyrirskipun, að stýrt skyldi á Reykjanes þangað til Eldey væri í S. V., en síðan skyldi stýrt í N. N. A., og halda þeirri stefnu í 45 mínútur.

Þegar að skipt yrði um stefnu átti að snúa til bakborða samkvæmt fyrirskipunum kærðs.

Kærður heldur, að það hafi verið 15' fyrir 7 síðd. samkv. þýzkum tíma, að varðskipið kom að þeim og skaut og blés með eimpípunni, kveðst hann þá þegar hafa farið upp á stjórnþallinn og hafi þá togarinn stefnt í N. N. A. Var þá varpan enn þá úti, en samstundis kveðst hann hafa gefið fyrirskipun um að draga hana inn og stöðva vélina. Meðan hann var að draga inn og á þeim 10 mínútum, sem liðu frá því að varðskipið kom að togaranum og þangað til hann setti út ljósbaujuna, telur kærður, að sig hafi rekið þinn að landi eftir því, sem hann giskar á ekki minna en 200 metra. Skipherrann telur, að togarinn hafi alls ekkert rekið því varpan hafi legið utar en togarinn og við átakið að toga hana úr botninum hafi togarinn frekar kippzt út á við en nær landi.

Rétt eftir að varðskipið kom að togaranum, kveður kærður sig og 1. stýrimann hafa gert miðanir yfir kompás á Reykjanesvita og Eldey, og hafi þeir sett þær mælingar þegar út í kort sitt, sem lagt hefir verið fram í réttinum, og sýnir það stað togarans alllangt utan við landhelgis-

linuna. Skipherrann telur ekkert vera hægt að byggja á þessu vegna þess að Eldey hafi ekki sézt frá þessum stað um þetta leyti, svo hafi verið dimmt orðið. Þennan framburð kærðs styður 1. stýrimaður með framburði sínum, kveðst hann hafa gert þessar mælingar með kærðum og sett þær út í kortið.

Ljósleysið á togaranum virðist hafa stafað af ólagi á ljósaútbúnaðinum og verður ekki gefið kærðum að sök.

Það sem að mjög mikið veikir framburð kærðs og stýrimanns hans er það fyrst og fremst, að telja verður það sannað með framburði skipherranns og 3. stýrimanns á varðskipinu, þrátt fyrir mótmæli, að þeir hafi báðir verið talsvert undir áhrifum vins um þetta leyti, sem þessi staðarákvörðun á að vera gerð. Þá veikir það og ekki síður framburð þeirra, að tveir af hásetum á togaranum hafa borið það, að kærður hafi verið á stjórnþalli meðan verið var að toga, áður en varðskipið kom þarna að þeim. Annar þessara manna stóð við stýrið allan tímann og kveðst því muna greinilega að hann tók við fyrirskipunum frá kærðum, sem hafi verið á stjórnþallinum, og hann kveðst alls ekki hafa stýrt í þá átt, sem stýrimaðurinn og kærður hafa gefið upp, heldur á Reykjanesvitann og sveigt ýmist á stjórnborða eða bakborða litið eitt. Hitt vitnið, sem hefir borið það, að kærður hafi verið á stjórnþalli meðan togað var, fór upp á stjórnþallinn til að sækja lampa um 20 mínútum áður en að varðskipið kom að togaranum og var þar uppi um 10 mínútur, og kveður hann skipstjóran hafa þá verið þarna uppi en ekki stýrimann, en hvaða stefnu hafi verið stýrt veit þetta vitni þó ekki.

Þegar þetta er athugað, má það vera ljóst, að framburður kærðs og stýrimanns, um staðarákvörðun togarans og hvaða stefnu hann hafi stýrt, er ekki mikils virði og getur ekki haft þau áhrif, að hann hnekki á nokkurn hátt þeirri sönnun, er felst í skýrslu skipherrans og mælingu varðskipsins, sem gerðar eru af æfðum mönnum með ágætum tækjum, verður því að leggja þessa skýrslu til grundvallar í málinu og er með henni nægilega sannað, að kærður var að veiðum innan íslenzkrar landhelgi og rétt áður en varðskipið Ægir kom þar að honum út af Reykjanesi kl. 17,29, 7. þ. m.

Með framburði sínum, sem lýst er hér að framan hefir

kærður, sem ekki hefir áður gerzt brotlegur gegn ákvæðum islenzkrar fiskiveiðalöggjafar, brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5, frá 18. maí 1920 og með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er í dag þannig, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna islenzk jafngildir 81,74 aurum gulls, þykir refsing kærðs samkvæmt 3. grein laganna, sbr. 1. grein laga nr. 4, frá 1924, og með hliðsjón af því að kærður sýndi skipstjóranum mótpróa, sem telja verður sannað þrátt fyrir nokkur mótmæli og afsakanir kærðs, hæfilega ákveðin 13,000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum P. G. 165 „Landrath Rademacher“ frá Geestemünde upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður annan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 24. apríl 1931.

Nr. 107/1930. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Elíasi Benediktssyni (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. nóv. 1930: Kærður, Elías Benediktsson, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í botnvörpunum G. K. 4, „Surprise“ frá Hafnarfirði, sé upptækt, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.